

Fundur stjórnar byggðasamlagsins Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings b.s. - NOS

haldinn í Félagsheimilinu Borg Grímsnes- og Grafningshreppi miðvikudaginn 29. júní 2022
kl. 14:00

Mætt:

Aldís Hafsteinsdóttir, Árni Eiríksson, Ása Valdís Árnadóttir, Ásta Stefánsdóttir, Bjarni Hlynur Ásbjörnsson, Gestur Kristjánsson, Jón Bjarnason og Sandra Sigurðardóttir. Auk þess sat fundinn Melkorka Jónsdóttir forstöðumaður Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings.

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ása Valdís Árnadóttir.

1. Kosning formanns NOS.

Stungið var upp á að Ása Valdís Árnadóttir yrði formaður NOS.
Samþykkt samhljóða að Ása Valdís yrði formaður til næstu fjögurra ára.

2. Kosning ritara NOS.

Lögð var fram tillaga um að Haraldur Þór Jónsson yrði ritari.
Samþykkt samhljóða að Haraldur yrði ritari til næstu fjögurra ára.

3. Farið yfir samþykktir og erindisbréf í upphafi nýs kjörtímabils.

Stjórn sammála um að huga þurfi að breytingum á samþykktum og erindisbréfi í ljósi þróunar starfseminnar.

4. Kosning nefndarmanna í Skólaþjónustu- og velferðarnefnd á grundvelli tilnefninga sveitarfélaganna.

Lagðar fram tilnefningar sveitarfélaganna um nefndarmenn í Skólaþjónustu- og velferðarnefnd. Stjórn samþykkir samhljóða eftirfarandi skipun til áramóta 2022-2023:

Flóahreppur: Sigurbára Rúnarsdóttir og til vara Helena Hólm.

Skeiða- og Gnúpverjahreppur: Ásmundur Lárusson og til vara Jóhanna Valgeirsdóttir.

Hrunamannahreppur: Bjarney Vignisdóttir og til vara Katrín Þorvaldsdóttir.

Bláskógabyggð: Valgerður Sævarsdóttir og til vara Guðrún S. Magnúsdóttir.

Grímsnes- og Grafningshreppur: Smári Bergmann Kolbeinsson og til vara Steinar Sigurjónsson.

Hveragerði: Sigurður Einar Guðjónsson og til vara Alda Pálsdóttir
Nýir – Aðalmaður Valgerður Rut Jakobsdóttir og til vara Eva Harðardóttir

Sveitarfélagið Ölfus: aðalmaður Elsa Jóna Stefánsdóttir og til vara Harpa Þuríður Böðvarsdóttir.

5. Kosning formanns Skólaþjónustu- og velferðarnefndar.

Stjórn NOS samþykkir að Sigurbára Rúnarsdóttir verði formaður Skólaþjónustu- og velferðarnefndar.

6. Kosning varaformanns Skólaþjónustu- og velferðarnefndar.

Stjórn NOS samþykkir að Elsa Jóna Stefánsdóttir verði varaformaður Skólaþjónustu- og velferðarnefndar.

- 7. Ákvörðun um þóknun fyrir setu í Skólaþjónustu- og velferðarnefnd.**
Þóknun fyrir setu í Skólaþjónustu- og velferðarnefnd Árneshlíða er sú sama og nefndarlaun eru í nefndum hjá Hveragerðisbæ og tekur breytingum í samræmi við þau.
- 8. Starfsmannamál.**
Samþykkt að framlengja starfshlutfalli ritara sem hefur verið í afleysingu til 31. október 2022.
- 9. Drög að nýju logoi hjá SVÁ.**
Melkorka kynnti drög að nýju logoi sem unnið hefur verið fyrir Skóla- og velferðarþjónustuna. Samþykkt að fresta ákvörðun um breytingu á logoi.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 15:00.